

26. APRÍL
2024

HARPA
ELDBORG



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ungir einleikarar

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Fagottkonsert (18')

Tzigane (11')

Sellókonsert (35')

Sláttu píanókonsert (35')

Fíðlukonsert (31')

Tónleikarnir verða teknir upp og verður útvarpað síðar á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Ungir einleikarar

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 26. APRÍL KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Petri Sakari
hljómsveitarstjóri

Hrafn Marinó Thorarensen
fagott

Tómas Vigur Magnússon
fiðla

María Qing Sigríðardóttir
selló

Ólína Ákadóttir
píanó

Helga Diljá Jörundsdóttir
fiðla

Carl Maria von Weber

Fagottkonsert í F-dúr, op.75 (1811/1822)
Allegro ma non troppo
Adagio
Rondo-Allegro

Maurice Ravel

Tzigane (1924)

Aram Khatsjaturjan

Sellókonsert í e-moll (1946)
Allegro moderato
Andante sostenuto
Allegro

Hlé

Jórunn Viðar

Slátta, píanókonsert (1977)
Allegro
Andante espressivo
Vikivaki

Jean Sibelius

Fiðlukonsert í d-moll, op. 47 (1903/1905)
Allegro moderato
Adagio di molto
Allegro ma non tanto

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.

Einleikara- og einsöngvarakeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands

Ungir einleikarar er samstarfsverkefni LHÍ og Sinfóníuhljómsveitar Íslands en sigurvegarar keppinnar fá tækifæri til þess að koma fram með Sinfóníuhljómsveitinni á glæsilegum tónleikum. Keppnin er opin nemendum á öllum stigum háskólanáms án aldurstakmarks og er nú haldin í tuttugasta sinn.

Keppninni er skipt í tvær umferðir. Í fyrri umferð sem haldin var 31. október 2023 var fjöldi innsendra umsókna 23. Í seinni umferð sem fór fram 5. janúar 2024 kepptu níu einsöngvarar og einleikarar um að koma fram með hljómsveitinni.

Dómnefnd

Sigrún Eðvaldsdóttir, konsertmeistari SÍ, Hildigunnur Einarsdóttir, söngkona og -kennari, Kristinn Örn Kristinsson, píanisti og kennari, Einar Jóhannesson, fyrrum leiðari klarínettdeildar SÍ og kennari, og Mathias Halvorsen, píanóleikari (aðeins í fyrri umferð).

Ritun texta í tónleikaskrá

Ungu einleikararnir sem koma fram á tónleikunum í kvöld sáum um ritun texta í tónleikaskrá.



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**



Petri Sakari

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Petri Sakari stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn í október árið 1986 og mörkuðu þeir tónleikar upphaf gifturíks sambands hans við hljómsveitina, íslenskt tónlistarlíf og landið sjálf. Árið 1988 tók hann við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og gegndi henni til 1993 og síðan aftur á árunum 1996 til 1998 en í millitíðinni var hann aðalgestastjórnandi hljómsveitarinnar. Á þessu hartnær 30 ára tímabili hefur Petri Sakari stjórnað hljómsveitinni á samtals 160 tónleikum, í Reykjavík og víðsvegar um landið en einnig í Helsinki og nokkrum öðrum borgum Finnlands, í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn. Þá var hann við stjórnvölinn í ferð hljómsveitarinnar til Grænlands árið 1997. Fjöldmargir geisladiskar Sinfóníuhljómsveitarinnar hjá Chandos- og Naxos-útgáfunum undir stjórn Sakaris vöktu mikla athygli og öfluðu hljómsveitinni alþjóðlegra vinsælda og virðingar.

Petri Sakari hóf fiðlunám átta ára gamall og innritaðist ári síðar í tónlistarháskólann í Tampere, þar sem píánó og óbó bættust við hljóðfæragreinarnar.

Hann hóf hljómsveitarstjóraferil sinn aðeins sautján ára að aldri og stjórnaði á námsárum sínum meðal annars Sinfóníuhljómsveit Tampere-tónlistarháskólans og óperusýningum í Sibeliusarakademíunni þar sem aðalkennari hans var Jorma Panula. Frá árinu 1983 hefur hann stjórnað öllum helstu hljómsveitum Finnlands, svo sem Finnsku útvarpshljómsveitinni og Lahti-sinfóníunni. Hann var aðalstjórnandi Lohja-sinfóníunnar í Finnlandi 1993-1996, aðalgestastjórnandi Sænsku kammersveitarinnar 1995-1997 og einnig aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gävle í Svíþjóð. Þá var hann aðalhljómsveitarstjóri Filharmóníuhljómsveitarinnar í Turku í Finnlandi til ársins 2012.

Petri Sakari hefur á ferli sínum látið að sér kveða sem óperustjórnandi og þótti túlkun hans á óperu Gunnars Þórðarsonar um örlög Ragnheiðar biskupsdóttur mjög áhrifamikil.



HRAFN MARINÓ THORARENSEN

FAGOTT

Hrafn Marinó Thorarensen var aðeins fjögurra ára gamall þegar hann ákvað að hann vildi verða fagottleikari. Sex ára gamall hóf hann þverflautunám meðan hann beið eftir að verða nógu stór til að geta byrjað að læra á draumahljóðfærið. Loks níu ára gamall byrjaði hann að læra á fagott hjá Hafsteini Guðmundssyni í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og var nemandi hans þar til hann útskrifaðist frá MÍT árið 2020. Nú er hann að læra í Konunglegu dönsku tónlistarakadéminni hjá Audun Halvorsen og Sebastian Stevenson. Hrafn lék í Ungsveit símfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2013-2019 og hefur líka tekið þátt í Orkester Norden, Kaalvia Musikileiri í Finnlandi og Toppenkurset í Noregi. Einnig hefur hann verið hluti af Kammerhljómsveitinni Elju síðan hún var stofnuð árið 2017 og hefur síðan 2022 spilað reglulega sem aukamaður í Símfóníuhljómsveit Íslands.



TÓMAS VIGUR MAGNÚSSON

FIÐLA

Tómas Vigur Magnússon er fæddur 15. desember árið 2005 og hóf Suzuki-fiðlunám 5 ára að aldri, hjá Dilljá Sigursveinsdóttur. Síðastliðin sex ár hefur Tómas stundað fiðlunám hjá Auði Hafsteinsdóttur, fyrst í Tónskóla Sigursveins og nú í Listaháskóla Íslands og lauk hann framhaldsprófi undir hennar leiðsögn í mars 2023. Tómas hefur tekið virkan þátt í fjölmörgum kammer- og hljómsveitarverkefnum en auk þess hefur hann sótt fjölda masterclassa og námskeiða, bæði hérlendis og erlendis. Síðastliðið haust var Tómas einn af sigurvegurum Nótunnar og lék hann einleik með Símfóníuhljómsveit áhugamanna í febrúar síðastliðnum. Tómas stundar nú diplómanám í fiðluleik við Listaháskóla Íslands og er einnig í framhaldsnámi á píanó en hann stefnir á Bachelornám í fiðluleik erlendis í haust.



MARÍA QING SIGRÍÐARDÓTTIR

SELLÓ

María Qing Sigríðardóttir (f. 2004) hóf sellónám sitt fimm ára að aldri og nemur nú hjá Prof. Conradin Brotbek við Hochschule für Musik und Darstellende Kunst Stuttgart. Samhliða stúdentsprófi lauk hún framhaldsprófi í sellóleik frá Tónskóla Sigursveins vorið 2022 þar sem hún lærði hjá Gunnari Kvaran, Örnólfi Kristjánssyni og Ólöfu Sigursveinsdóttur.

Tónleikaferðir og tónlistarhátíðir hafa nú þegar leitt Maríu víða um Evrópu auk Bandaríkjanna. Hún var meðlimur Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2019-2022 og hefur komið fram með Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar. María hefur sérstaka ástríðu fyrir kammertónlist.

„Ég óska að túlkun mín tengi hlustendur við rödd sálarinnar og opni þar nýjar brautir“

Nánar á: mariaqingSIGRIDARDOTTIR.COM



ÓLÍNA ÁKADÓTTIR

PÍANÓ

Ólína Ákadóttir (f. 2002) hóf píanónám fjögurra ára gömul í Tónskóla Sigursveins undir leiðsögn Þórunnar Huldu Guðmundsdóttur. Ólína lauk burtfararprófi frá Menntaskóla í tónlist árið 2021 þar sem hún lærði hjá Svönu Víkingsdóttur. Sama ár hóf hún bakkalárnám við Tónlistarháskólann í Osló hjá Christopher Park en hefur frá sl. hausti stundað skiptinám við Tónlistarháskólann í Tbilisi í Georgíu undir handleiðslu Manana Gotsiridze.

Sumarið 2023 kom Ólína fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, spilaði á sumartónleikaröð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og á tónlistarhátíðinni Seiglu í Hörpu. Ólína hefur fengið ýmsa styrki til tónleikahalds, þ. á m. frá Tónlistarsjóði, Rannís, Reykjavíkurborg og Listhópum Hins hússins. Ólína hefur hlotið verðlaun í Chopinkeppni pólska sendiráðsins á Íslandi og í píanókeppni EPTA.



HELGA DILJÁ JÖRUNDSDÓTTIR

FIÐLA

Helga Diljá Jörundsdóttir er fædd 29. nóvember 2005. Hún hóf fiðlunám 4 ára gömul hjá Þórdísi Stross og síðar hjá Helgu Steinunni Torfadóttur í Allegro Suzuki tónlistarskólanum. Þegar Helga Diljá var 13 ára hóf hún nám í Menntaskóla í tónlist undir handleiðslu Auðar Hafsteinsdóttur en hún hefur einnig sótt tíma hjá Páli Palomares. Helga lauk framhalds- og burtfararprófi frá MÍT í mars 2023 þar sem hún hlaut viðurkenningu fyrir hæstu einkunn á framhaldsprófi. Í dag stundar hún diplómanám í fiðluleik hjá Auði Hafsteinsdóttur við Listaháskóla Íslands og samhliða fiðlunámi stundar hún nám á píanó. Helga var einn af sigurvegurum í konsertkeppni Nótunnar 2023. Helga lýkur stúdentsprófi af eðlisfræðibraut frá Verzlunarskóla Íslands í vor og hyggur á fiðlunám við Konunglega Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn í haust.



Carl Maria von Weber

FAGOTTKONSERT Í F-DÚR, OP 75

Carl Maria von Weber (1786-1826) er talinn með fyrstu rómantísku tónskáldunum og er form hinnar svokölluðu þýsku óperu mikið kennt við hann. Hann samdi sína fyrstu óperu aðeins tólf ára að aldri en sú ópera er því miður týnd og aðeins brot af næstu þremur hafa varðveist. Frægustu óperurnar hans eru meðal annars *Euryanthe*, *Oberon* og *Der Freischütz (Töfraskyttan)* en sú síðastnefnda er oft kölluð fyrsta þýska óperan. Weber hafði mikil áhrif á óperu-tónskáld sem sigldu í kjölfarið eins og til dæmis Wagner.

Snemma árið 1811 samdi Weber *Klarinettkonsertínó* fyrir Heinrich Bärmann, frægan klarinettleikara í hirðhljómsveitinni í Munchen. Flutningur konsertínósins fékk frábærar viðtökur og fékk Weber samstundis pöntun frá Maximilian I. Bæjaralandskonungi til að skrifa tvo nýja klarinettkonserta. Margir aðrir í hirðhljómsveitinni grátbáðu Weber um konsert fyrir sitt hljóðfæri en sá eini sem náði að sannfæra hann var Georg Friedrich Brandt, fagottleikari sveitarinnar.

Áhrif óperunnar heyrast vel í fagottkonsertinum. Fyrsti kaflinn einkennist af dramatískri sýndarmennsku. Stokkið er upp og niður og allt tónsvið fagottsins nýtt frá kontra B, lægstu nótu hljóðfærisins og alla leið upp á tvístrikað D, sem á þeim tíma var hæsta nótan sem fagottið náði upp á. Annar kaflinn minnir mikið á aríu, mjög tilfinningaríkur með sveigjanlegt tempó sem endar á kadensu sem leiðir óvænt beint í lokakaflann sem er húmorískur og léttur en þó glittir í dramatík sem minnir á fyrsta kaflann.

Konsertinn var frumfluttur af Brandt 28. desember 1811 en Weber missti af frumflutningnum og fékk ekki að heyra konsertinn fyrr en sex árum seinna. Árið 1822 gaf hann því út endurbætta útgáfu sem hefur verið flutt síðan.

Hrafn Marinó Thorarensen



Maurice Ravel

TZIGANE

Joseph Maurice Ravel (1875-1937) var franskt tónskáld, hljómsveitarstjóri og píanóleikari. Þegar hann var aðeins fjórtán ára var honum veitt innganga í Paris Conservatoire, þar sem hann kláraði píanónám og lærði svo tónsmíðar hjá tónskáldinu Gabriel Fauré. Af verkum hans má nefna *Boléro* og *La Valse*. Ravel er talinn vera eitt merkasta og vinsælasta tónskáld Frakka. Ravel var einstaklega nákvæmur þegar hann skrifaði tónverk og í kadensunni í *Tzigane*, sem hljómar eins og spuni, er allt skrifað út mjög námkvæmlega.

Árið 1922 var Ravel staddur í London, þar sem ungverski fiðluleikarinn Jelly d'Aranyi var að flytja sönötu eftir Ravel fyrir fiðlu og selló á tónleikum. Ravel varð það hrifinn af spilamennsku hennar, að seinna um kvöldið bað hann hana um að spila fyrir sig sígaunaverk. Þar sem hún var frá frá Ungverjalandi þurfti ekki að biðja hana tvisvar, sagan segir að hún hafi spilað fyrir hann klukkutímum saman. Þetta kvöld varð innblástur að *Tzigane*. Tveimur árum síðar eða þann 26. apríl árið 1924, frumflutti Jelly d'Aranyi *Tzigane* í London. Það eru því hundrað ár upp á dag síðan verkið var frumflutt.

Verkið var upprunalega samið fyrir fiðlu og píanó en stuttu síðar skrifaði Ravel píanópartinn út fyrir hljómsveit.

Tzigane byrjar á kadensu þar sem fiðluleikarinn spilar einn. Verkið gefur einleikaranum ótal tækifæri til að sýna fram á hæfni sína og tækni. Verkið þykir mjög tæknilega krefjandi og þar er að finna fjölmargar tæknikúnstir fiðlunnar, svo sem vinstrihandarpizzicato, flaututóna, hraða tónstiga og fjölda tvígripa. Allt þetta gefur *Tzigane* þennan einstaka sígaunablæ.

Tómas Vigur Magnússon



Aram Ilyich Khatsjaturjan

SELLÓKONSERT Í E MOLL

Aram Ilyich Khatsjaturjan (1903-1978 í Moskvu) ólst upp við söng þjóðlaga. Árið 1921 fluttist hann til Mosku þar sem hann hóf líffræðinám en tónlistarmenningarlíf borgarinnar veitti honum innblástur til tónlistarnáms. Við Gnëssin-tónlistarskólann hlaut hann hvatningu til sellónáms sem hann byrjaði að stunda en tónsmíðanámið tók þó fljótt yfir. Khatsjaturjan útskrifaðist árið 1934 frá Tónlistarháskólanum í Moskvu undir leiðsögn Nikolaj Mjaskovskíj sem hvatti hann til að varðveita innri tilfinningu þjóðlagatónlistar heimaslóðanna. Þessi tenging dýpkaði er hann varði einu misseri við söfnun þjóðlaga og þjóðdansa í Armeníu. Tónlist Khatsjaturjans var vel tekið og varð fljótt þekkt.

Sellókonsertinn (1946) er sagður enduróma sársaukafullar tilfinningar Khatsjaturjan frá stríðstímanum og vísar m.a. í armenska þjóðlagatónlist en verkið er tileinkað sellóleikaranum Svjatoslav Knushevitsky. Fyrsti kaflinn sýnir fjölbreytta tjáningargetu sellósins með lýriskum laglínunum og líflegum taktföstum danslíkum stefnum. Annar kaflinn er afar dularfullur en sá þriðji tjáir háðslegan herdans. Aðalþema fyrsta kafla er spaugilegt og syngjandi. Eftir að það er kynnt tekur við tónlist sem má túlka sem óvissu sem brýst út í langri uppbyggingu og endar á því sem minnir á mið-austurlenskan götumarkað. Að lokinni kadensu sellósins hljómar aðalþema kaflans aftur. Líta má á annan kafla sem eina heild og langa uppbyggingu sem blómstrar undir lokin. Þemað er leyndardómsfullt og um leið lævislegt. Inn á milli háðslega herdansins í þriðja kafla laumast stef sem minna á mið-austrið. Eftir kynningu aðalþema kaflans hljómar sársaukafullt, næstum rómantískt stef, áður en hinn háðslegi herdans heyrir til loka.

Khatsjaturjan er eitt eftirtektarverðasta tónskáld 20. aldar, þekktastur fyrir djúpstæða samþættingu vestrænnar tónlistar við armenskar þjóðlagahefðir. Sverðdansinn er eitt frægasta verk hans og ætti að vera landsmönnum kunnugt enda spilað oft í útvarpi á árum áður.

María Qing Sigríðardóttir



Jórunn Viðar

SLÁTTA PÍANÓKONSERT

Jórunn Viðar (1918-2017) er fædd í Reykjavík en hún lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla Reykjavíkur árið 1936. Ári síðar fluttist hún til Berlínar þar sem hún stundaði framhaldsnám við Hochschule für Musik. Árið 1943 hóf Jórunn, fyrst Íslendinga, nám við Juilliard háskólann en þar lærði hún tónsmíðar. Seinna lá leið hennar aftur heim þar sem hún varð virkur þátttakandi í íslensku tónlistarlífi. Í tónsmíðum sínum sækir Jórunn innblástur í íslenska þjóðlagatónlist. Verkin hennar eru lífleg og oft glittir í húnur og glettni. Hún var mikill frumkvöðull og samdi meðal annars tónlist fyrir fyrstu íslensku kvikmyndina, *Síðasta bæinn í dalnum* (1950) og fyrsta íslenska ballettinn, *Eld*. Þá samdi Jórunn fjölmörg þekkt sönglög, þar á meðal *Það á að gefa börnum brauð* og *Kall sat undir Kletti*.

Píanókonsert Jórunnar Viðar, *Slátta*, var saminn fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og frumfluttur af henni sjálfri með hljómsveitinni árið 1977. Konsertinn ber nafnið *Slátta* en það er dregið af því að slá á streng, sbr. hörpuslátt. Í efnisskrá frá frumflutningnum skrifaði Jórunn: „Verkið er samið fyrir líðandi stund og á að vera aðgengilegt fyrir alla. Hvað verður árið 2000 er ekki mitt vandamál. Það verða aðrir að leysa.” Fullyrða má að verkið standi enn fyrir sínu þar sem það er bæði þjóðlegt, fjörugt og grípandi.

Slátta er samin í hefðbundnu þriggja þátta formi. Verkið byrjar með einföldu stafi sem minnir á íslenska stemmu sem hleður brátt utan á sig. Annað stefið er söngrænt og hefur miklar taktbreytingar. Annar kafli er hægur og syngjandi þar sem píanóið og hljómsveitin skiptast á að leika fallett aðalstef. Þriðji kafli er leikandi og fjörugur en hann ber nafnið *Vikivaki* eftir íslenskum hringdönsum. Í gegnum verkið eru margar taktbreytingar, þar á meðal kunnuglegur taktur úr þjóðlaginu *Hani, krummi, hundur, svín*.

Ólína Ákadóttir



Jean Sibelius

FIÐLUKONSERT Í D-MOLL, OP. 47

Finnska tónskáldið Jean Sibelius (1865-1957) ólst upp á miklu þjóðernisskeiði í sögu Finnlands og leitaðist við að fanga þjóðarandann í verkum sínum. Hann var menntaður í Berlín og Vínarborg og greina má áhrif frá Tsjajkovskij og Wagner í fyrstu tónsmíðum hans, en hann fann fljótt eigin rödd. Sibelius var mikill náttúruunnandi og veitti náttúran honum innblástur við tónsmíðar, ásamt hinu mikla sögulgjöði Kalevala sem var honum ítrekað uppspretta andagiftar. Sibelius samdi alls sjö sinfóníur en einungis eitt verk fyrir einleikshljóðfæri og hljómsveit; *Fiðlukonsert í D-moll, op. 47*.

Fiðlukonsertinn var frumfluttur í Helsinki árið 1904 en vegna tímaskorts og óreglu tónskáldsins þótti verkið ekki vel heppnað og of erfitt í flutningi. Sibelius kom lífi sínu á réttan kjöl með dyggum stuðningi eiginkonu sinnar, endurskrifaði verkið og lokaútgáfa þess var frumflutt af Fílharmoníuhljómsveit Berlínar 19. október 1905. Var það sjálfur Richard Strauss sem veifaði sprotanum og fiðluleikarinn Karel Halífv einleikari.

Fiðlukonsert Sibeliusar er kraftmikill og þekktur fyrir tæknilegar áskoranir. Hann er ekki saminn eins og hefðbundnir konsertar þar sem einleikshljóðfærið og hljómsveitin kallast á. Í stað þess lætur Sibelius fiðluna og hljómsveitina „syngja“ samtímis og skapa þannig magnaða spennu. Konsertinn hefst á ljúfu melankólísku þema tifandi strengja sem byggist upp í kraftmikinn marserandi rytma, snilldar sólókadensu, og lýkur á eldsnöggum lokatakti. Annar þáttur er mjög ljóðrænn og mögulega rómantískasta tónlistin sem Sibelius samdi. Lokapátturinn er saminn undir áhrifum af sígaunatónlist og er talinn einn sá besti í tónbókasafni fiðlukonserta.

Helga Diljá Jörundsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiöla

Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Joanna Bauer
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Pétur Björnsson
Lin Wei
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Andrzej Kleina
Laufey Sigurðardóttir

2. fiöla

Páll Palomares
Hekla Finnsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Justyna Bidler
Ingrid Karlsdóttir

Víóla

Rita Porfiris
Þórarinn Már Baldursson
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Urh Mrak
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir

Bassi

Xun Yang
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason
Richard Korn

Flauta

Astrid Bjelland
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins

Klarínnett

Grímur Helgason
Helga Björg Jóhönnu
Arnardóttir
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir

Horn

Geoffrey Winter
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Maximilian Riefellner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Steinn Völundur Halldórsson

Bassabásúna

Carlos Caro Aguilera

Harpa

Katie Buckley

Selesta

Liam Kaplan

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Egbert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnisdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfisdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfisdóttir
sviðs- og tækniamaður

Á döfinni

10.05 FÖSTUDAGUR
Kl. 19:30



Arnheiður syngur Grieg

Arnheiður Eiríksdóttir mezzsópran er fastráðin við Þjóðaróperuna í Prag og hefur að undanförunu vakið mikla athygli fyrir frábæra túlkun og tæknilegt öryggi. Á tónleikunum syngur hún nokkur af dádustu sönglögum Griegs þar sem hljómikil rödd hennar og ástríða fær að njóta sín til fulls.

Danski básúnuleikarinn Jesper Busk Sørensen er einn af fremstu básúnuleikurum álfunnar en hann hefur verið fastráðinn hjá Filharmóníusveit Berlínar frá árinu 2009. Hér leikur hann glænýjan og spennandi konsert eftir eitt helsta samtímatónskáld Danmerkur, Bo Holten, undir stjórn landa síns Thomas Søndergård, sem nýlega tók við sem aðalhljómveitarstjóri Sinfóníuhljómveitarinnar í Minnesota. Lokaverk tónleikanna er sjötta sinfónía Sibelíusar. Hún er í senn innileg og ægífögur og sjálfur líkti Sibelíus verkinu við hreint, kalt vatn en í verkinu mætast hrifning hans á tónlist miðalda og endurreisnar og frumleg tónhugsun sem varðaði leiðina til framtíðarinnar.

16.05 FIMMTUDAGUR
Kl. 20:00



Una Torfa og Sinfó

Una Torfadóttir hefur einstakt lag á að tengja saman sannleika, hversdagsleika, ást og tónlist. Allir sem hlusta dragast inn í einstakan tónheim Unu sem kom eins og sprenging inn í íslenskt tónlistarlíf árið 2022 þegar hún sendi frá sér plötuna Flækt og týnd og einmana. Hver smellurinn á fætur öðrum hefur náð miklum vinsældum og þar nægir að nefna lögin Fyrirverandi, Þú ert stormur og En. Á tónleikunum flytja Una og Sinfóníuhljómveit Íslands nýjar útsetningar af mörgum hennar vinsælustu lögum ásamt efni af væntanlegri breiðskífu. Einnig verða flutt nokkur af uppáhaldslögum Unu sem hafa fylgt henni í gegnum tíðina.

Una hlaut Kraumsverðlaunin fyrir plötuna sína "Flækt og týnd og einmana". Hún var einnig tilnefnd sem nýliði ársins á Hlustenda-verðlaununum 2023 og vann söng ársins í flokknum popp-, rokk, hiphop- og raftónlist á Íslensku Tónlistarverðlaununum sama ár.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Mahler nr. 3

Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
ELDBORG | 6. JÚNÍ | KL. 19:30

Þriðja sínfónía Mahlers er heill heimur út af fyrir sig. Hún er í senn óður til náttúrunnar og djúphugul, heimspekileg könnun á mannlegu hlutskipti. Verkið er einkar aðgengilegt og ekki laust við að hlustandinn láti berast með sama straumi og Mahler forðum. Þetta stórvirki Mahlers krefst óvenjustórrar sínfóníuhljómsveitar, þriggja kóra og einsöngvara en með einsöngshlutverkið fer hin þýska Christina Bock. Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar, stjórnar flutningnum.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS